

Nd.

366. Frumvarp til laga

[172. mál]

um takmarkaða náttúruvernd á vatnasviði Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu.

Frá menntamálanefnd.

1. gr.

Frá gildistöku laga þessara skulu gilda eftirtalin sérákvæði um mannvirkjagerð og aðrar framkvæmdir á vatnasviði Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu:

- a. Óheimilt skal að reisa þar mannvirki önnur en þau, er eðlileg mega teljast í sambandi við búskap á lögbýlum, án leyfis náttúruverndarráðs.
- b. Hvers kyns jarðrask og efnistaka, sem kynni að raska hinum upprunalega svip landsins, skal og óheimil á hinu umrædda svæði án leyfis náttúruverndarráðs.
- c. Breytingar á hæð vatnsborðs stöðuvatna og fallvatna á umræddu svæði svo og hvers kyns breytingar eða truflanir á rennsli fallvatna skulu óheimilar án samþykkis náttúruverndarráðs.

2. gr.

Ákvæði 1. gr. skulu þó hvorki taka til vatnasviðs Reykjadalsár ofan Vestmannsvatns — þó að undanskildu Mávvatni og Máslæk — né vatnasviðs Mýrarkvíslar ofan Núpeyrar.

3. gr.

Í sambandi við afgreiðslu þeirra mála, sem um ræðir í 1. gr., skal náttúruverndarráð jafnan leita umsagnar hlutaðeigandi náttúruverndarnefndar, sveitarstjórna og sýslunefndar. Fallist þessir aðilar ekki á úrskurð náttúruverndarráðs, skal menntamálaráðuneytið skera úr, hvort úrskurður ráðsins skuli ná fram að ganga.

Nú ber aðili fram kröfu um skaðabætur vegna úrskurðar náttúruverndarráðs, og skal þá ráðið leita samþykkis menntamálaráðuneytis um greiðslu bóta, ef samkomulag næst ekki með öðrum hætti við kröfuhafa.

4. gr.

Í samráði við sveitarstjórn Mývatnssveitar getur náttúruverndarráð bannað umferð óviðkomandi manna um tiltekin svæði í sveitinni á tímabilinu frá 1. maí til 1. október ár hvert. Einnig skal heimilt að takmarka ónauðsynlega umferð um vatnið á sama tímabili.

Í samráði við sveitarstjórn Mývatnssveitar og veiðimálastjóra skal náttúruverndarráð leitast við að ná samkomulagi um takmörkun og tilhögun netaveiða í Mývatni á tímabilinu frá 1. maí til 1. október.

Um efnisatriði þessarar greinar, svo og fleira, er lýtur að verndun fugls og fisks í Mývatnssveit, getur menntamálaráðuneytið, að fengnum tillögum náttúruverndarráðs, sett nánari ákvæði með reglugerð, þar sem einnig skulu vera ákvæði um ráðstafanir til að koma í veg fyrir hugsanlega mengun vatns af völdum olíu eða annarra skaðlegra efna.

5. gr.

Menntamálaráðuneytið skal í samráði við náttúruverndarráð, Náttúrufræðistofnun Íslands og Háskóla Íslands hafa forgöngu um, að sem fyrst verði komið upp rannsóknarstöð við Mývatn, sem hafi það hlutverk með höndum að vinna skipulega að almennum undirstöðurannsóknum á náttúrufari Mývatns og Laxár og aðliggjandi landsvæða. Skal fyrirkomulag væntanlegrar rannsóknarstöðvar miðað við það, að þar geti einnig farið fram námskeið og æfingar fyrir háskólanema í náttúrufræði.

Heimilt skal að þiggja fé frá erlendum aðilum, stofnunum eða samtökum til að reisa og reka hina fyrirhuguðu rannsóknarstöð, enda verði stöðin undir íslenskri stjórn, þótt hlutaðeigandi aðilar erlendir fái þar skilyrðisbundna aðstöðu til rannsókna.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Náttúruverndarráð hefur sent menntamálanefnd neðri deildar frumvarp þetta til flutnings. Hefur nefndin samþykkt að flytja málið, en nefndarmenn hafa ekki með því tekið afstöðu til þess og áskilja sér rétt til að flytja breytingartillögur eða fylgja. Nefndin hefur ekki lokið athugun málsins og óskar eftir, að því verði vísað til hennar aftur að lokinni fyrstu umræðu.

Bréf náttúruverndarráðs, er fylgdi frumvarpinu, var sem hér segir:

NÁTTÚRUVERNDARRÁÐ,

Reykjavík.

Reykjavík, 10. febrúar 1970.

Menntamálanefnd neðri deildar
Alþingi,
Reykjavík.

Náttúruverndarráði hefur borizt frumvarp til laga um takmarkaða náttúruvernd á vatnasvæði Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu. Ráðinu hafa einnig borizt umsagnir frá eftirtöldum aðilum:

1. Sveitarstjórn Skútustaðahrepps,
2. Sveitarstjórn Reykdælahrepps,
3. Sveitarstjórn Reykjahrepps,
4. Héraðsnefnd Þingeyinga í Laxárvirkjunarmálinu,
5. Veiðifélagi Laxár.

Umsagnir þessara aðila fylgja í afriti.

Náttúruverndarráð hefur rætt þetta mál og er í stórum dráttum fylgjandi þeirri hugmynd, sem þar kemur fram.

Einn fulltrúi í ráðinu, Sigurður Thoroddsen, verkfræðingur, er frumvarpinu andvígur.

Náttúruverndarráð leyfir sér hér með að koma þessu máli á framfæri við hæstvirta menntamálanefnd neðri deildar.

Virðingarfyllst,

Birgír Kjaran.

Frumvarpinu fylgdu eftirfarandi athugasemdir:

Frumvarp þetta er flutt vegna óvenjulegrar sérstöðu þess vatnakerfis, sem Mývatn og Laxá eru hlutar af. Frá náttúrufræðilegu sjónarmiði er þetta vatnakerfi einstætt um gróður og dýralíf. Fjölbreytni og gróska náttúrunnar er þar meiri en dæmi eru til annars staðar hérlendis, og náttúruvegurð er þar víða við brugðið. Þau sérkenni, sem hér hafa verið talin, eiga ekki aðeins við um vatnakerfið sjálft, þ. e. Mývatn og Laxá, heldur einnig um landsvæði þau, sem að því liggja.

Mývatn og Mývatnssveit hafa þegar hlotið heimsfrægð vegna náttúruauðlegðar og náttúruvegurðar, enda laðar svæðið til sín mikinn fjölda erlendra fræðimanna og

náttúruskoðara, og fara heimsóknir þeirra sívaxandi. En efri hluti Laxár er ekki síður merkilegur frá náttúrufræðilegu sjónarmiði, og náttúruvegurð er þar víða sízt minni en við Mývatn sjálft. Áin fellur þar fram í hvítreyðandi strengjum milli grænna bakka og hraunhólma, sem eru vaxnir víði og hvönn. Á þessum kafla Laxár eru líka aðalheimkynni straumandar og húsandar, a. m. k. á vissum tímum árs, en báðar þessar andategundir finnast ekki í Evrópu utan Íslands. Hins vegar er neðri hluti Laxár einhver frægasta og fegursta laxveiðiá Íslands.

Af því, sem hér hefur verið sagt, má öllum vera ljóst, að hér er um stórt svæði að ræða, sem brýna nauðsyn ber til að vernda fyrir hvers kyns náttúruspjöllum. Það virðist því ekki orka tvímælis, að það sé fyllilega réttlætanlegt og tímabært að setja sérstök lög um takmarkaða náttúruvernd á þessu svæði, þótt hefðbundnir atvinnuvegir haldist þar áfram, svo sem verið hefur.

Ef framsýni og skilnings á þeim sérstæðu náttúruverðmætum, sem hér er um að ræða, hefði gætt hjá þeim aðilum, sem réðu því á sínum tíma, að hafizt var handa um virkjun Laxár til raforkuvinnslu, hefði væntanlega aldrei til þess komið, að í slíkt hefði verið ráðizt. En þessu er því miður ekki að heilsa. Á liðnum árum hefur verið vegið að Mývatni og Laxá á ýmsa vegu. Raforkuver hefur verið reist í Laxárgljúfrum hjá Brúnum, stíflur hafa verið gerðar í útfallskvíslum Laxár úr Mývatni, en með þeim framkvæmdum hafa hin lífrænu tengsl milli ár og vatns verið rofin að verulegu leyti. Þá má og nefna byggingu ksilgúrverksmiðju við Mývatn, sem óefað á eftir að hafa margvisleg áhrif á Mývatn og umhverfi þess, þó að framkvæmdum í sambandi við byggingu þess fyrirtækis hafi í mörgum tilvikum verið hagað í samræmi við óskir náttúruverndarráðs.

Þá hafa og innansveitarmenn ekki ávallt sýnt nægilegan skilning á gildi náttúruverndar. Má í því sambandi benda á byggingu stórs sumarhústaðar eða öllu heldur sumarhallar við Sandvatn, en bæði sveitarstjórn Mývatnssveitar og náttúruverndarnefnd Suður-Þingeyjarsýslu veittu samþykki sítt til þessarar framkvæmdar, en hins vegar synjaði skipulagsstjórn ríkisins um leyfi til byggingarinnar. Eigi að síður var hafizt handa um byggingu hústaðarins, og verður ekki betur séð en heimild til þess hafi verið mjög vafasöm, því að þá þegar var öll Mývatnssveit orðin skipulagsskyld.

Um þessa neikvæðu hlið málsins skal ekki fjölyrt hér, því að um orðna hluti þýðir ekki að fást. Aðalatriðið er, að nú sé spynt við fótum og komið í veg fyrir frekari náttúruspjöll á vatnasviði Mývatns og Laxár, en það er einmitt tilgangurinn með þessu lagafrumvarpi.

Greinargerð þessari fylgja tvö fylgiskjöl. Hið fyrra er álitgerð náttúruverndarráðs um fyrirhuguð orkuver í Laxá í S.-Þing., en hið síðara er greinargerð Arnþórs Garðarssonar og Jóns Baldurs Sigurðssonar vegna áætlana um framhaldsvirkjun Laxár með sérstöku tilliti til Krákár og efri hluta Laxár.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Orðið vatnasvið er notað hér í sömu merkingu og það hefur verið notað af Vatna-mælingum Orkustofnunar (sbr. skilagrein nr. 6902 um vatnasvið Íslands). Um sama hugtak hafa einnig verið notuð orðin vatnasvæði, úrkomusvæði og fleiri orð af því tagi, en þau eru öll óljósari og geta orkað tvímælis.

Greinin ber þess glöggt vitni, að hér er ekki gert ráð fyrir skilyrðislausu banni við mannvirkjagerð né efnistöku á umræddu svæði. Hér er miklu fremur um það að ræða, hvar og hvernig skuli heimilt að vinna að slíkum framkvæmdum. Má segja, að nú séu síðustu forvöð að koma á föstum reglum um það efni, sem fara megi eftir í framtíðinni. Sama máli gegnir um breytingar á hæð vatnsborðs stöðuvatna svo og truflanir á rennsli fallvatna.

Frá náttúrufræðilegu sjónarmiði er svæði það, sem hér um ræðir, svo einstakt í sinni röð, að höfuðnauðsyn ber til þess að varðveita það um aldur og ævi í sinni upp-

runalegu mynd. En það mun aldrei takast, nema nú þegar séu reistar skorður við því, að þar verði unnin náttúruspjöll, sem eigi verði unnt að bæta úr síðar.

Um 2. gr.

Ekki virðist bein ástæða til þess að láta ákvæði 1. gr. taka til vatnasviðs Reykjadalárs ofan Vestmannsvatns, þótt það svæði sé hluti af vatnasvæði Laxár. Og sama máli gegnir einnig um vatnasvið Mýrarkvísar ofan Núpeyrar. Hins vegar er tvímælaust æskilegt, að ákvæði 1. gr. taki til Mávats og Máslækjar, sem að vísu fellur í Reykjadal. En það er mjög hagkvæmt að eiga vól á vatni eins og Mávati á næstu grösom við Mývatn, þegar að því kemur að hefja skipulegar rannsóknir á hýdrógraffu og líffræði Mývatns, sem væntanlega verður á sumri komanda. En sannleikurinn er sá, að Mávati er allt önnur gerð stöðuvatns en Mývatn, og því er nauðsynlegt að varðveita það ósnortið, svo að hægt sé að nota það til samanburðarrannsókna.

Það orkar ekki tvímælis, að nauðsynlegt sé að láta ákvæði 1. gr. ná til allrar Laxár frá upptökum til ósa. Mývatn og Laxá eru hlutar af sama vatnakerfi, og lífskilyrði í Laxá eiga að verulegu leyti rót sína að rekja til hinnar miklu lífsuppsprettu í Mývatni. Þá má einnig benda á, að bæði fiskur (urriði) og fugl fara í tímabundnar göngur milli ár og vatns. T. d. leita húsundur og raunar fleiri endur með unga sína niður á Laxá, þegar á sumarið líður. En þessi samgangur milli vatns og ár hefur nú þegar verið rofinn að nokkru leyti með stíflum í upptakakvísium Laxár í Mývatni.

Þá má að lokum benda á, að ákvæði 1. gr. verða óhjákvæmilega einnig að ná til Krákár, en árleg vorflóð hennar flæða að jafnaði yfir hinar svonefndu Framengjar, suður af Mývatni, og eru undirstaða hins fjölbreytta og sérkennilega gróðurs og dýralífs, sem þar dafnar.

Um 3. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 4. gr.

Vegna sívaxandi ferðamannastraums í Mývatnssveit hafa tilteknir aðilar í sveitinni þegar farið þess á leit við náttúruverndarráð, að umferð óviðkomandi manna verði bönnuð um nánar tilgreind svæði í sveitinni á tímabilinu frá 1. maí til 1. október ár hvert. Þetta er mjög eðlileg ósk, en það þarf nánari athugunar við, hvaða svæði komi hér til greina og hvernig slíku umferðarbanni verði við komið. Engum blandast heldur hugur um, að nauðsynlegt sé að takmarka ónauðsynlega umferð um vatnið á sama tímabili, og ferðir hraðbata um vatnið ætti að banna með öllu. Um Kálfastrandarvoga ættu að gilda þau sérákvæði, að þar sé óheimilt að fara um á vélknúnum bátum.

Í 4. gr. er lítillaga minnzt á silungsveiðar í lagnet í Mývatni á sumrin, en þær valda, eins og kunnugt er, allmiklum fugladauða. Einkum hefur þetta ágerzt eftir að vélknúnir bátar komu til sögunnar og með stóruknum netakosti. Sumarið 1960 kannaði Arnþór Garðarsson þetta mál allrækilega fyrir hönd náttúruverndarráðs, og er hér stuðzt við niðurstöður hans, sbr. grein hans um fugladauða af völdum neta í Mývatni (Náttúrufr. 31. árg., 1961, bls. 145—168).

Arnþór komst að þeirri niðurstöðu, að sumarið 1960 hafi heildarlengd neta í Mývatni að meðaltali verið um 8 km, og gízkar hann á, að það sumar hafi alls veiðzt um 1000 fuglar í net í Mývatni á 2 mánuðum (júlí—ágúst). Athuganir Arnþórs leiddu enn fremur í ljós, að fugladauði í netum bitnaði einkum á 2 tegundum, hrafnstönd og hávellu, sem mjög hefur fækkað á Mývatni á síðari árum. Einnig kom tiltölulega mikið af flórgoða í net, án þess að þeirri tegund hafi fækkað að sama skapi. Einnig veiddist mikið af duggöndum í net, án þess að þar sjáist högg á vatni sökum þess, hve algeng sú tegund er.

Nú verður vart hjá því komizt að leyfa netaveiði í Mývatni á sumrin, en með hliðsjón af niðurstöðum og ábendingum Arnþórs Garðarssonar má gera ráð fyrir, að hægt sé að draga verulega úr fugladauðanum, án þess að það þurfi að bitna á silungsveiðinni. Um þetta efni þyrfti að setja nánari ákvæði í reglugerð, sem og ýmis fleiri

efnisatriði 4. gr. Eitt þeirra eru ráðstafanir til að koma í veg fyrir hugsanlega mengun vatns í Mývatni og Laxá af völdum olíu eða annarra skaðlegra efna. Þetta er vanda-mál, sem krefst bráðrar lausnar, því að hér er mikið í húfi.

Um 5. gr.

Ýmsir erlendir aðilar, sem heimsótt hafa Ísland, hafa bent á nauðsyn þess, að komið verði upp rannsóknarstöð við Mývatn. Þetta mál hefur lengi verið á döfnni hjá náttúruverndarráði, en sá dráttur, sem orðið hefur á málinu, stafar einkum af því, að enn hefur ekki tekizt að fá viðunandi land undir slíka stöð í Mývatnssveit. Náttúruverndarráð er þeirrar skoðunar, að slík rannsóknarstöð eigi að vera undir ís-lenzkri stjórn. Þótt erlendir fræðimenn fái þar skilyrðisbundna aðstöðu til rannsókna. Nú ber allt að sama brunni um það, að þessu nauðsynjamáli verði ekki öllu lengur skotið á frest. Háskólakennsla í náttúrufræði er nú þegar hafin, og í sambandi við þá kennslu verður að krefjast aðstöðu, sem aðeins slík stöð hefur upp á að bjóða.

Vegna sérstöðu Mývatns í Norður-Evrópu má teljast öruggt, að allrífligt erlent fjármagn muni fást til að reisa slíka stöð og til að húa hana tækjum og jafnvel einnig til rekstrar hennar, ef erlendir fræðimenn fá þar aðstöðu til rannsókna.

Fvlgiskjal I.

Álitsgerð náttúruverndarráðs um fyrirhuguð orkuver í Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu.

Á fundi náttúruverndarráðs hinn 30. október 1969 var eftirfarandi bókun um fyrirhuguð orkuver í Laxá samþykkt með öllum greiddum atkvæðum:

„Náttúruverndarráð hefur ekkert við það að athuga, að 1. áfangi hinna fyrir-huguðu virkjana verði framkvæmdur í samræmi við ákvæði laga nr. 60/1965, um Laxárvirkjun. Hins vegar vill náttúruverndarráð lýsa yfir því og leggja á það áberzlu, að það er algerlega andvígt því, að hafizt verði handa um frekari fram-haldsvirkjanir í Laxá, áður en fram hefur farið alhliða athugun á því, hvaða líf-fræðileg áhrif hver áfangi slíkra virkjana (sbr. greinargerð Laxárnefndar til orkumálastjóra) kunni að hafa á vatnakerfi Mývatns og Laxár og svæði þau, sem að því liggja. Slíkar athuganir hafa ekki farið fram, og verður það að teljast óviðunandi, þegar haft er í huga, hve mikilvægt þetta svæði er frá náttúrufræði-legu sjónarmiði og hve náttúrufegurð er þar víða mikil og sérstæð.“

Það skal tekið fram, að hinn umrædda fund náttúruverndarráðs sátu allir ráðs-menn og greiddu þeir allir atkvæði að undanskildum Sigurði Thoroddsen, verkfr., sem tók fram, að hann mundi ekki greiða atkvæði í þessu máli.

Greinargerð.

I.

Gögn þau, sem náttúruverndarráð hefur haft við að styðjast í sambandi við af-greiðslu þessa máls, eru sem hér segir:

1. Greinargerð um jarðfræði Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu eftir Hauk Tómasson. Apríl 1967.
2. Greinargerð Laxárnefndar til orkumálastjóra. September 1969.
3. Ábendingar fulltrúa sveitarfélaga og búnaðarsamtaka í Suður-Þingeyjarsýslu til landbúnaðarráðuneytisins varðandi fyrirhugaða Gljúfurversvirkjun í Laxá. September 1969.
4. Álitsgerð stjórnar Búnaðarfélagss Íslands um áhrif fyrirhugaðrar Gljúfurversvirkj-unar á búskap o. fl. í Laxárdal, Mývatnssveit og fleiri nærliggjandi byggðarlög-um. September 1969.

5. Greinargerð vegna áætlana um framhaldsvirkjun Laxár með sérstöku tilliti til Krákár og efri hluta Laxár eftir Arnþór Garðarsson og Jón Baldur Sigurðsson. September 1969.
6. Svar héraðsnefndar Þingeyinga við greinargerð Laxárvirkjunarstjórnar. 10. október 1969.
7. Ályktun fulltrúaráðs Félags Þingeyinga í Reykjavík um virkjanir í Laxá. 14. október 1969.
8. Greinargerð um Laxárvirkjunarmálið frá stjórn Samtaka um náttúruvernd á Norðurlandi. 7. október 1969.
9. Lög nr. 60/1965, um Laxárvirkjun.
10. Bréf raforkumálaráðherra til Laxárvirkjunarstjórnar, dags. 23. sept. 1969.
11. Bréf orkumálastjóra til atvinnumálaráðuneytisins, dags. 16. sept. 1969.

Til viðbótar þeim gögnum, sem hér hafa verið talin, má geta þess, að sumir af náttúruverndarráðsmönnum hafa þegar haft allnán kynni af svæði því, sem hér er um að ræða, og þeim náttúruverndarvandamálum, sem þar er við að glíma. Þá má geta þess, að á fundi náttúruverndarráðs hinn 4. sept. 1969 mætti fjögurra manna nefnd, sem kjörin var á Húsavík 12. ágúst 1969, eftir fundarboði sýslumanns Þingeyinga, til að koma á framfæri sjónarmiðum héraðsbúa og gæta hagsmuna bænda og þeirra 6 sveitarfélaga, er fyrirhuguð Gljúfurversvirkjun snertir. Í fylgd með nefndarmönnum var Jónas Jónsson, ráðunautur Búnaðarfélags Íslands.

II.

Afstaða náttúruverndarráðs til virkjana í Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu hlýtur að mótast af óvenjulegri sérstöðu þess vatnakerfis, sem Mývatn og Laxá eru hlutar af. Frá náttúrufræðilegu sjónarmiði er þetta vatnasvæði einstætt um gróður og dýralíf. Fjölbreytni og gróska náttúrunnar eru þar meiri en dæmi eru til annars staðar héraðs, og náttúruvegur er þar víða við brugðið. Með hliðsjón af þessum staðreyndum má öllum vera ljóst, að langæskilegast hefði verið, að sem minnst hefði verið hróflað við Mývatni og Laxá. En þessu er því miður ekki að heilsa. Kreppt hefur verið að Mývatni og Laxá á ýmsa vegu, og má í því sambandi benda á byggingu kísilgúrverksmiðju við Mývatn, virkjun Laxár hjá Brúum og stíflugerð í útfallskvíslum Laxár úr Mývatni. Það skal játað, að orkuverið hjá Brúum hefur ekki valdið alvarlegum truflunum á lifsskilyrðum í Laxá, en öðru máli gegnir um stíflugerðir í útfallskvíslum Laxár úr Mývatni. Með þeirri mannvirkjagerð hefur hið lífræna samband milli vatns og ár verið rofið að verulegu leyti, en það getur haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar. Hér er því um ótvíræð spjöll að ræða, sem úr þyrfti að bæta hið bráðasta.

Áætlun Laxárnefndar um virkjun Laxár í áföngum (sbr. greinargerð Laxárnefndar til orkumálastjóra, fskj. 26—3) gerir ráð fyrir stíflugerð í Laxárgljúfrum og vatnsmiðlunarlóni í Laxárdal, en með því yrði horfið frá rennslisvirkjunum til miðlunarvirkjana. Síðar er gert ráð fyrir flutningi vatns frá vatnakerfi Skjálfafljóts (Suðurárveita) til Laxár, í því skyni að auka vatnsmagn hennar.

Þessar áætlanir Laxárnefndar telur náttúruverndarráð mjög varhugaverðar. Mikil hætta er á því, að með slíkum aðgerðum verði hinum upprunalegu einkennum Laxár stórspillt. Jafnvel smávægileg röskun á lifsskilyrðum í Laxá gæti haft afdrifaríkar afleiðingar fyrir gróður og dýralíf árinna og valdið margvíslegum truflunum öðrum.

III.

Í sambandi við rafvirkjanir á Íslandi hefur hingað til aðeins verið tekið tillit til þess, hvar auðveldast væri að framleiða raforku á sem ódýrastan hátt. Þetta er auðvitað rétt sjónarmið, svo langt sem það nær, en það er ekki einhlítt. Framvegis ber einnig að hafa í huga, hvort virkjunarframkvæmdir kunni að valda stórfelldum náttúruspjöllum, en reyna þá eftir megni að sporna við því. Þjóðin er svo heppin að eiga enn ýmissa kosta vöð að því er orkuframleiðsla varðar, og það ætti því í mörgum tilvikum að vera

auðvelt að taka tillit til náttúruverndarsjónarmiða í þessum málum. Og í því sambandi við þær byltingarkenndu hugmyndir um rafvæðingu Íslands, sem nú eru ofarlega á baugi, verður ekki hjá því komizt að hafa frá upphafi samráð við sérfræðinga á sem flestum sviðum um framkvæmd slíkra fyrirætlana.

Fylgiskjal II.

Arnþór Garðarsson og Jón Baldur Sigurðsson:

Greinargerð vegna áætlana um framhaldsvirkjun Laxár með sérstöku tilliti til Krákár og efri hluta Laxár.

I.

Greinargerð þessi er byggð á athugunum, sem við höfum framkvæmt á nokkrum undanförunum árum í Mývatnssveit. Við teljum, að áætlun Orkustofnunar um að veita Svartá og Suðurá í Kráká muni hafa í för með sér stórfellda röskun á dýralífi og gróðurfari Mývatnssveitar, ef af framkvæmdum yrði. Hér verður einungis rætt um atriði, sem lúta að náttúruvernd í þrengstu merkingu, þ. e. a. s. verndun einstæðra náttúruyfyrirbæra, sem hafa ótvírætt vísindalegt gildi. Hið einstæða náttúrufar Mývatns og umhverfis þess er tvímælalaust sá hluti islenzkrar náttúru, sem helzt ber að varðveita af þessari ástæðu einni, jafnvel þótt um enga aðra hagsmuni væri að tefla. Óhætt er að fullyrða, að mat á menningarstigi hverrar þjóðar hlýtur í framtíðinni að miðast við það, hvernig hún gætir slíks arfs.

Þó er rétt að benda á þá staðreynd, að náttúruvernd í Mývatnssveit hlýtur að vera mikið hagsmunamál bæði sveitarinnar og þjóðarinnar í heild. Leiðir flestra erlendra ferðamanna, sem hér dveljast, liggja fyrir eða síðar til Mývatns, og fjölmargir leggja leið sína hingað til Íslands í þeim tilgangi einum að kynna náttúruundrun Mývatnssveitar. Talið er, að um 10% af gjaldeyristekjum Íslendinga komi frá erlendum ferðamönnum, og mun því óhætt að fullyrða, að Mývatnssveit sé þjóðinni alldrjúg tekjulind í þessu tilliti. Væri því eðlilegt, að opinberir aðilar verðu árlega nokkru af þessum tekjum til náttúruverndar og rannsókna í Mývatnssveit, jafnvel þótt tilgangurinn væri sá einn að viðhalda ferðamannastraumnum.

Því miður virðist sá hugsunarháttur enn ríkjandi meðal þeirra aðila, sem fyrst og fremst ættu af hagsmunaástæðum að gæta Mývatnssveitar, að fordjörfun sveitarinnar geti endalaust haldið áfram, án þess að tekur af ferðamönnum rýrni. Er þar Orkustofnun ríkisins í broddi fylkingar með Laxárvirkjun og spjöll þau, sem af þeirri virkjun hafa þegar hlotizt. Orkustofnun hyggst nú enn vega í sama knérunn með ófyrirsjáanlegum afleiðingum. Fast á hæla Orkustofnunar fylgir Kísiliðjan, sem seint mun talin til fegurðarauka í Mývatnssveit, þótt lifandi náttúra sveitarinnar hafi enn ekki beðið hnekki af völdum kísilgúrvinnslu, svo að vitað sé. Síðast, en ekki sízt, hafa Mývetningar sjálfir ekki ávallt kunnað fótum sínum forráð í þessum efnum. Er þar skemmst að minnast skammsýni þeirra manna, sem stóðu að og samþykktu að selja einn fegursta blett sveitarinnar undir sumarhús. En ábyrgð á því, hve hörmulega tókst til í því máli, er þó ekki hægt að skrifa á hreppsnefnd Skútustaðahrepps eina, því að náttúruverndarnefnd Suður-Þingeyjarsýslu, skipulagsstjóri ríkisins og náttúruverndarráð lögðu þar fram sinn skerf, hver á sinn máta.

II.

Suður af Mývatni er víðáttumikil flóðslétta (ca. 10 km²), sem einu nafni nefnist Framengjar. Sléttan er mynduð af framburði Krákár, sem fellur á sumrin í einum farvegi um engjarnar vestanverðar. Að norðan- og austanverðu hvílir framburðurinn á hrauni, og standa þar víða hraunbungur eða hólar upp úr votlendinu. Að sunnan og vestan er undirstaðan grágrýti (Laxárdalsmyndun) og mishæðir yfirleitt litlar.

Allt svæðið er mjög votlent og hæðarmunur yfirleitt sáralítt að undanskildum hraunbungunum norðan til. Bakkar Krákár eru á löngum köflum hærrí en mýrarnar í kring, og hefur áin hlaðið þá upp af sandburði sínum, enda er árbotninn allur úr svörtum sandi, sem er á stöðugri hreyfingu út í Laxá, og er talið, að megnið af þeim sandi, sem Laxá ber með sér og slíti veldur á vatnsvélum Laxárvirkjunar, sé úr Kráká. Á veturna yfirgefur Kráká farveg sinn að mestu og fellur þá í mörgum kvíslum, svonefndum Rennum, um Grænavatn í Mývatn. Bakkar þessara farvega eru víðast hvar í svipaðri hæð og umhverfið, og flæðir því vatnið út yfir engjarnar, sem þannig lenda að mestu undir vatni (is) að vetrinum. Auk náttúrlegra flóða í Kráká, hafa Mývetningar löngum veitt ánni yfir engjarnar fyrri hluta sumars með stíflum og skurðum, en þýðing engjaheyskapar á þessu svæði hefur þó minnkað verulega á síðari árum.

Gróðurfarslega má flokka Framengjarnar undir flæðiengi (flæðimýri), en gróður er þó víða miklu fjölskrúðugri í Framengjum en á flestum flæðiengjum. Um sunnanverðar engjarnar eru gulstör (*Carex lynbyei*) og mýrastör (*Carex nigra*) víðast hvar ríkjandi, en einnig eru þar víðáttumiklir gulvíðiflákar (*Salix phylicifolia*). Er víðirinn víða mjög þroskalegur, stundum 2—3 m á hæð, og er hann sennilega mjög að aukast á síðustu árum vegna minni nýtingar engjanna til fóðuröflunar. Í norðanverðum Framengjum (sunnan Skútustaða) er vetrarkvíðastör (*Carex chordorrhiza*) ríkjandi, og einnig er sums staðar talsvert af flóastör (*Carex limosa*) innan um hana. Tjarnastör (*Carex rostrata*) finnst einnig víða í Framengjum, einkum þar sem vatn er. Á þurrum og hálfþurrum blettum, sem standa upp úr mýrlendinu, er gróður víða mjög blandaður, en oftast ber mest á hrísi (*Batula nana*), gulvíði og ýmsum lyngtegundum. Þá eru miklir hrismóar við suðurmörk Framengja að austan. Er hrísið þar að meðaltali 0.5—1 m á hæð, og mun leitun á sambærilegum vexti þessarar tegundar hérlendis.

Enginn vafi getur leikið á því, að hin árlegu flóð Krákár hafa úrslitaáhrif á gróðurfar og frjósemi engjanna. En auk Krákár má gera ráð fyrir, að fuglar og mýflugur (einkum bitmý frá Laxá) flytji mikið af næringarefnum í engjarnar. Gera má ráð fyrir, að dýralíf í jarðvegi flæðiengja sé almennt miklu meira en í öðru mýrlendi, en engar rannsóknir hafa þó farið fram hérlendis á þessu atriði.

Alls verpa um 30 fuglategundir í Framengjum, og er einstaklingafjöldi nokkurra tegunda mjög mikill. Veldur þar einkum óvenjuleg frjósemi, sem áður getur, en einnig eru skilyrði vaðfugla og gráanda til fæðuöflunar í engjunum einkar hagstæð, vegna þess að hæðarmunur er afar lítill og vatnsborðið auk þess hæfilega breytilegt. Algengustu fuglategundirnar eru stelkur (*Tringa totanus*), óðinshani (*Phalaropus lobatus*) og lóupræll (*Calidris alpina*) af vaðfuglum, en af gráöndum urtönd (*Anas crecca*), rauðhöfðaönd (*Anas penelope*) og grafönd (*Anas acuta*). Aðrar algengar tegundir eru grágæs (*Anser anser*), rjúpa (*Lagopus mutus*), hettumávur (*Larus ridibundus*) og kría (*Sterna paradisaea*) svo og nokkrar kafendur — duggönd (*Aythya marila*), skúfönd (*Aythya fuligula*) og hávella (*Clangula hyemalis*). Auk þess kemur töluvert af gráöndum í engin um mitt sumar og dveljast þar á meðan á flugfjaðrafellingu stendur, og ber sérstaklega mikið á urtönd.

Sem flæðiengi hafa Framengjar sérstöðu á tvo vegu. Í fyrsta lagi eru þær sennilega stærsta flæðiengi hér á landi, sem ekki er tengt óshólmum við sjó. Í öðru lagi eru þær hluti af vatnasvæði Mývatns. Raunhæf náttúruvernd á Mývatnssvæðinu hlýtur að mótast fyrst og fremst af því að koma í veg fyrir röskun á gróðri og dýralífi bæði í vatninu sjálfu og á landsvæðum þeim, sem að vatninu liggja. Sjálf-sagt er að leggja engu minni áherzlu á verndun landsins, sem að Mývatni liggur, en á verndun vatnsins sjálfs, því að frá líffræðilegu sjónarmiði verður að líta á allt vatnasvæðið sem eina heild, bæði vegna vatnsmiðlunar í Mývatn og vegna beinna áhrifa á lífverur, sem byggja tilveru sína bæði á vatninu og aðliggjandi gróðurlendum. Skerðing eða röskun á landi, sem er jafn nálægt Mývatni og Framengjar, er því

ekki aðeins röskun á landinu sjálfu, heldur má telja fullvíst, að áhrifa slíkra spjalla gæti í lífheild Mývatns.

III.

Húsöndin (*Bucephala islandica*) er einn þriggja fuglategunda norður-amerískra, sem hér hafa numið land, en eru ekki til annars staðar í Evrópu. Útbreiðslusvæði húsandar er annars mjög takmarkað, og er hún utan Íslands þekkt sem varpfugl í Klettafjöllum, frá Alaska til Norður-Kaliforníu. Einnig er talið, að eitthvað af húsönd verpi í Labrador og á Vestur-Grænlandi, en þó er óvíst, að hún sé reglulegur varpfugl á þessum stöðum. Hér á landi verpir húsönd aðeins við Mývatn og í næsta nágrenni þess. Fullorðnar húsundur virðast vera algerir staðfuglar, sem eru á fersku vatni á veturna, bæði á Mývatni og Laxá og á Suðurlandi. Sennilegt er, að ungfuglar á fyrsta vetri leggi leið sína til austurhluta Norður-Ameríku og hafi þar vetrardvöl, því að mjög lítið sést hérlendis af fuglum á þessu aldurstigi á veturna. Óvíst er um stofnstærð húsandar utan Íslands, en gera má ráð fyrir, að íslenski stofninn sé álitlegur hluti alls húsandarstofnsins. Íslenski húsandarstofninn telur alls um 1000 pör (fullorðnir varpfuglar), og verpa nær allir þessir fuglar við Mývatn og ofanverða Laxá. Þar með er þó aðeins hálf saga sögð, því að nær allir kvenfuglar, sem verpa við Mývatn, fara niður á efsta hluta Laxár með ungana, fljótlega eftir að þeir koma úr eggjum. Auk þess eru nær allar fullorðnar húsundur á þessum sömu slóðum, á meðan á fjaðrafelli stendur (300—400 húsundur fella á Mývatni). Í júlí og ágúst er því ca. 90% af íslenska húsandarstofninum saman komin á litlum hluta Laxár, frá Haganesi niður undir Hofstaði. Ástæðunnar fyrir þessu er sennilega að leita í óvenjulegum fæðuskilyrðum í þessum hluta árinna. Þar er sérstaklega um að ræða lirfur og púpur bitmýs (*Simuliidae*), en aðalfæða húsandar er einmitt ýmsar skordýralirfur, sem hún nær í á vatnsbotninum, svo sem bitmý, vorflugur (*Trichoptera*) og rykmý (*Chironomidae*). Íslenski húsandarstofninn er því sérstaklega viðkvæmur fyrir breytingum á botndýralífi í efri hluta Laxár. Hætt er við stórfækkun eða útrýmingu húsandarinnar hér á landi, ef fæðuskilyrði í þessum hluta árinna breytast til hins verra, vegna þess að húsendurnar yrðu þá að leita á önnur mið í Mývatni, þar sem þær lentu óhjákvæmilega í samkeppni um fæðu við þann mikla fjölda annarra anda, sem þar er að jafnaði. Annars staðar á landinu virðast fæðuskilyrði fyrir þessa tegund afar takmörkuð.

IV.

Eftir er að benda á nokkra annmarka, sem eru á áætlun Orkustofnunar um að auka vatnsmagn Krákár úr 6 kl/s í ca. 22 kl/s með því að veita Suðurá og Svartá í hana. Engin raunhæf áætlun virðist liggja fyrir um það, hvernig veita á þessu vatnsmagni áleiðis, eftir að kemur niður fyrir Strengjabrekku, en þar byrja Framengjar, og bakkar Krákár eru núna víðast hvar hærri en umhverfið á öllu þessu svæði niður að ármótunum við Laxá nærri Haganesi. Þar sem útilokað er, að hin nýja og eflda Kráká grafi sig niður í sandkviku farvegsins, má gera ráð fyrir, að hún falli í fyrstu víða um engjarnar, og er sennilegt, að aðalfarvegurinn yrði núverðandi vetrarfarvegur Krákár um Rennur og Grænavatn og þaðan í Mývatn. Þessi háttur á rennsli árinna yrði eflaust kærkominn Laxárvirkjunarmönnum. „Laxá flytur fram árlega töluvert magn af sandi, sem veldur sliti á vatnsvélum rafstöðvanna. Það er hægt að losna við nær allan sandburð úr Laxá með því að veita Kráká til Grænavatns, því að það er Kráká, sem færir Laxá aðalsandmagnið. En hætt er við, að bændur sveitarinnar tækju að ugga um hag sinn, ef sandi eyðimerkurinnar í suðri væri beint til Grænavatns og tæki að fylla það upp og síðan Syðri-Flóa Mývatns, enda vart á bætandi . . .“ (Sigurjón Rist: *Vötn*, í *Náttúru Íslands*, Reykjavík 1961, bls. 185). Hér er komið að háskalegasta atriðinu í áætlun Orkustofnunar, því að áætlunin miðar beinlínis að því að auka sandburð Krákár. Engin áætlun virðist liggja fyrir um, á hvern hátt auknu vatnsmagni í Kráká er ætlað að skila sér um Framengjar í Laxá. Að vísu hefur verið látið að því liggja af hálfu stofnunarinnar,

að auðvelt væri að veita ánni í stökk um Framengjarnar og beint út í Laxá. Eftir núverandi aðstæðum að dæma getur þessi lausn þó aðeins átt við að sumrinu. Klakastíflur að vetrinum hljóta eftir sem áður að eiga sér stað, og þá má telja víst, að Kráká hin nýja, allt að því fjórföld að rennsli á við núverandi á, ryðjist yfir engjarnar í Mývatn með stórauðnum sandburði.

Verkfræðingar Laxárvirkjunar virðast hugsa sér að losna við aukinn sandburð Laxár með uppistöðulóni í Laxárdal. Aðalannmarkinn á slíku lóni er kæling að sumri til og þar af leiðandi spjöll á botngróðri og dýralífi vatnsins í Laxá neðan stíflu. Jafnvel þótt hvort tveggja takist, að halda nýju Kráká í stokki og losna við slit á vélum af völdum sands, hefur þessi lausn í för með sér minnkun eða jafnvel geryðingu botndýralífs í öllum efri hluta Laxár. Stafar þetta bæði af lækun hitastigs í þessum hluta árinna að sumrinu og af aukinni sandsvörfun á árbotninum. Má telja líklegt, að lirfur og púpur bitmýs yrðu verst úti. En bitmýslirfur og púpur eru einmitt aðalfæða anda og silungs í ofanverðri Laxá, og eins og áður er bent á, eru bitmýslirfur og púpur undirstöðunæring húsandarinnar. Má því gera ráð fyrir, að eyðilegging botndýralífs um efri hluta Laxár, jafnvel þótt sú eyðing ætti sér aðeins stað í fáein ár, geti leitt til fækkunar og jafnvel útrýmingar íslenzka húsandarstofnsins, vegna þess að þessi hluti Laxár hefur úrslitapýðingu fyrir viðgang þessarar tegundar hér á landi(sbr. III. kafla).

Allir Íslendingar kannast við einstæða náttúrufegurð Mývatnssveitar. Færri munu gera sér ljóst, að líffræðilega er Mývatn og nánasta umhverfi þess algerlega einstakt. Það er menningarleg skylda Íslendinga að vernda þetta svæði ósnortið, að svo miklu leyti sem það er hægt, vegna þess að þetta landsvæði er óviðjafnanlegt bæði frá vísindalegu og fagurfræðilegu sjónarmiði. Tími er til kominn, að óheillaþróun þeirri, sem átt hefur sér stað við Mývatn á seinustu árum, sé snúið við.